

14. janúar 2020.

Til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Frá Katrínu Ólafsdóttur, utanaðkomandi nefndarkonu í Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

Efni Ákvarðanir á fundum Peningastefnunefndar.

Fréttatilkynningar og fundargerðir Peningastefnunefndar eru gefnar út af Seðlabanka Íslands fyrir hönd nefndarinnar í heild. Til að gera hlutverk ytri meðlima nefndarinnar sýnilegra ákvað Peningastefnunefnd að einu sinni ári skyldu ytri meðlimir skila skýrslu í eigin nafni til Alþingis þar sem þeir gerðu grein fyrir sínum ákvörðunum á fyrra ári.

Á árinu voru stýrivextir lækkaðir um alls 1,5 prósentur, úr 4,5% í 3,0%. Helstu ástæðu lækkunarinnar má rekja til þess að nokkuð hægði á hagvexti á árinu, en þróunin var samt sem áður að mestu leyti í takt við spá Seðlabankans. Í upphafi árs var framleiðsluspenna sem búast má við að hafi nú snúist í framleiðsluslaka, þó hann sé væntanlega ekki mikill. Þá hefur hægt á hagvexti í viðskiptalöndum Íslands jafnframt því að óvissa hefur ríkt um þróunina, ekki síst vegna hótana um viðskiptastríð.

Hér á landi hafa áhrifin af hægari vexti komið skýrt fram á vinnumarkaði þar sem atvinnuleysi hækkaði ört á nýliðnu ári og vinnustundum fækkaði.

Á fundum Peningastefnunefndar liggur margt til grundvallar hverri ákvörðun Hér að neðan er gerð stutt grein fyrir því sem mestu máli skipti við ákvörðun mína hverju sinni.

1. Fundur 4.-5. febrúar

Á fundinum lá fyrir að spá um hagvöxt ársins hafði lækkað frá fyrri spá og myndi nema 1,8%. Þá lá einnig fyrir að horfur í alþjóðahagkerfinu færu versnandi. Jafnframt fóru verðbólguhorfur versnandi og verðbólguvæntingar voru yfir markmiði. Á fundinum studdi ég tillögu bankastjóra um óbreytta vexti.

2. Fundur 18.-19. mars

Á þessum fundi höfðu tekið gildi breytingar á reglum um bindingu reiðufjár vegna innstreymis gjaldeyris og hafði hlutfallið verið fært niður í 0%. Það má því segja að þetta hafi verið fyrsti fundur nefndarinnar þar sem ekki þurfti að taka tillit til fjármagnshafta. Efnahagshorfur sem kynntar voru á fundinum voru lítið breyttar frá fyrri fundi. Á hinn bóginn ríkti óvissa á vinnumarkaði og óljóst hvenær kjarasamningar næðust og á hvaða nótum samningar yrðu gerðir. Á fundinum studdi ég tillögu bankastjóra um óbreytta vexti.

3. Fundur 20.-21. maí

Á maífundum Peningastefnunefndar höfðu Lífskjarasamningarnir verið undirritaðir og flugfélagið Wow hafði lýst yfir gjaldþroti. Horfur í alþjóðahagkerfinu höfðu versnað og óvissa aukist. Ný hagspá gerði ráð að hagvöxtur hefði snúist í samdrátt á sama tíma og verðbólguvæntingar færðust nær markmiði. Útlit var fyrir að slaki hefði myndast í þjóðarbúskapnum. Á fundinum studdi ég tillögu bankastjóra um að lækka vexti um 0,5 prósentur.

4. Fundur 24.-25. júní

Á júnífundinum var verðbólga enn yfir markmiði, en verðbólguvæntingar á niðurleið í átt að markmiði. Einkaneysla hafði reynst sterkari en búist var við en samdráttur bæði í inn- og útflutningi. Þróun tekna af ferðamönnum hafði reynst hagstæðari en væntingar stóðu til. Þótt ferðamönnum hefði fækkað hafði meðalneysla þeirra aukist. Vegna lægri verðbólguvæntinga hafði aðhaldsstig peningastefnunnar aukist frá fyrri fundi og því studdi ég tillögu bankastjóra um að lækka vexti um 0,25 prósentur. Fundur þessi var síðasti fundur Más Guðmundssonar bankastjóra og var honum í lok fundar þakkað gott samstarf á liðnum árum.

5. Fundur 26.-27. ágúst

Þessum fundi stýrði í fyrsta sinn nýr Seðlabankastjóri Ásgeir Jónsson. Í nýrri þjóðhagsspá sem kynnt var á fundinum kom fram að efnahagsþróunin hefði verið eins og búist var við. Áfram væri óvissa í alþjóðahagkerfinu, hér á landi væri hagvöxtur nánast enginn og ferðamönnum færi fækkandi. Verðbólguvæntingar hefðu lækkað frá fyrri fundi og aðhaldsstig peningastefnunnar því aukist. Þar sem ég taldi ekki rök fyrir því að auka aðhaldsstigið studdi ég tillögu bankastjóra um að lækka vexti um 0,25 prósentur.

6. Fundur 30. september-1. október

Á fundinum kom fram að áfram væri mikil óvissa um efnahagsþróun viðskiptalanda Íslands. Áfram hægði á innlendum hagvexti. Horfur voru á að verðbólga hjaðnaði hraðar en áður var spáð og verðbólguvæntingar héldu áfram að lækka. Því hefði taumhald peningastefnunnar aukist og því studdi ég tillögu bankastjóra að lækka vexti um 0,25 prósentur.

7. Fundur 4.-5. nóvember

Á nóvemberfundinum var rætt að hagvöxtur í alþjóðahagkerfinu hefði minnkað enn og óvissan aukist í ljósi yfirvofandi viðskiptadeilna. Umsvif á vinnumarkaði færu minnkandi þar sem atvinnuleysi hefði aukist og vinnustundum fækkað. Verðbólga hefði farið minnkandi og verðbólguvæntingar væru við markmið. Svo virtist sem vaxtalækkunir ársins hefðu miðlast nokkuð vel út í vaxtakjör lántakenda. Helstu rök fyrir vaxtalækkun væru að þrátt fyrir að horfur um hagvöxt væru lítið breyttar, þá væri óvissan meiri og óhagstæðari. Þá hefðu verðbólga og verðbólguvæntingar lækkað frá síðasta fundi og aðhaldsstig þar með aukist lítillega. Á þessum forsendum studdi ég tillögu bankastjóra að lækka vexti um 0,25 prósentur.

8. Fundur 9-10. desember

Í desember virtust alþjóðlegar horfur svipaðar og áður. Fyrstu tölur bentu til þess að hagvöxtur hér á landi fyrstu níu mánuði ársins hefði verið örlítið meiri en reiknað var með. Verðbólguhorfur voru svipaðar og áður og verðbólguvæntingar við markmið. Aðhaldsstig peningastefnunnar var því svipað og áður. Á fundinum studdi ég tillögu bankastjóra um óbreytta vexti.